



ÁRSSKÝRSLA 2012

ÁRSSKÝRSLA

 **FESTA** LÍFEYRISSJÓÐUR

2012

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	bls. 4
Stjórn og starfsfólk	bls. 5
Iðgjöld.....	bls. 5-6
Lífeyrir	bls. 6-8
Rekstur sjóðsins.....	bls. 8
Lán til sjóðfélaga.....	bls. 8-9
Áhættustefna og áhættustýring	bls. 9-11
Þróun fjármálamarkaða.....	bls. 11-14
Verðbréfaeign.....	bls. 14
Ávöxtun	bls. 14
Tryggingafræðileg staða	bls. 15
Fjárfestingarstefna.....	bls. 15
Séreignardeild	bls. 16
Ársreikningur 2012	bls. 18-41
Financial statements.....	bls. 42-48

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Festa lífeyrissjóður skilar nú jákvæðri raunávöxtun þriðja árið í röð eftir tvö erfið ár þar á undan. Ávöxtun sjóðsins er nú vel umfram þær forsendur sem liggja til grundvallar vexti skuldbindinga, enda hefur dregið verulega úr óvissuþáttum í eignasafni sjóðsins í kjölfar bankahrunsins árið 2008.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2012 var jákvæð um 11%, en að teknu tilliti til verðbólgu var raunávöxtun jákvæð um 6,2%. Nafnávöxtun séreignardeildar var 9,6% sem jafngildir 4,8% raunávöxtun.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var í lok árs 2012 tæpir 79,6 milljarðar króna og jukust eignir sjóðsins um rúmlega 9,7 milljarða króna eða um 13,9%.

Iðgjöld síðasta árs námu tæplega 4,1 milljarði króna og jukust um 5,5% frá fyrra ári. Til sjóðsins greiddu samtals 14.567 sjóðfélagar hjá 1.880 launagreiðendum.

Á árinu 2012 fengu 6.318 lífeyrisþegar greiddan lífeyri hjá sjóðnum og fjölgaði þeim um 213 frá fyrra ári eða 3,5%. Fjölgun varð meðal ellilífeyrisþega en örorkulífeyrisþegum, makalífeyrisþegum og barnalífeyrisþegum fækkaði lítillega frá fyrra ári.

Lífeyrisgreiðslur ársins 2012 voru rúmlega 2,25 milljarðar króna og hækkðu þær um 14,7% frá fyrra ári. Skýrist það aðallega af hækkandi greiðslum til ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega auk þess sem lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar.

Rekstrarkostnaður sjóðsins sem hlutfall af eignum hefur haldið lítið breyttur milli ára undanfarin fjögur ár. Kröfur til lífeyrissjóða um innra eftirlit og áhættustýringu hafa aukist mjög á undanförunum árum og er nokkur kostnaðaraukning samfara því.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins sem reiknuð er miðað við árslok 2012, var neikvæð um 7,0%. Staðan var neikvæð um 6,6% árið á undan og hefur því versnað lítillega á milli ára. Vega þar þyngst auknar lífslíkur, sem veikja stöðuna um 1,1%.

Snemma árs var aðalskrifstofa sjóðsins flutt í nýtt húsnæði að Krossmóa 4a, Reykjanesbæ. Nokkurt hagræði var þessu samfara, þar sem húsnæðið er í alla staði hentugra undir starfsemi sjóðsins.

Mikil áhersla var á að efla áhættustýringu sjóðsins á árinu. Stjórnin setti sjóðnum áhættustefnu og byrjað var að mæla helstu áhættuþætti með reglubundnum hætti. Áfram var unnið að því að bæta innri verkferla og skjölun innra eftirlits hjá sjóðnum.

Stjórnin var eins og ávallt áður samhent í sínum störfum. Formlegir fundir stjórnar á starfstímanum voru 16 en auk þess hafa stjórnarmenn og framkvæmdastjóri reglulegt samband á milli formlegra funda.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfar í samræmi við lög um ársreikninga. Formlegir fundir nefndarinnar á starfstímanum voru 7. Hlutverk og tilgangur nefndarinnar er að leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt því að kanna óhæði endurskoðenda sjóðsins.

Afkoma sjóðsins var góð á árinu m.v. aðstæður, en sjóðurinn er nú á góðri leið með að ná aftur fyrri styrk.

Fyrir hönd stjórnar sjóðsins flyt ég starfsmönnum hans og sjóðfélögum þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Ólafur S. Magnússon
formaður

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn sjóðsins er skipuð 6 mönnum. Þrír eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og þrír af stjórn Samtaka atvinnulífsins (SA). Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykktu hans. Stjórnin fjallar m.a. um breytingar á samþykktum sjóðsins, mótir fjárfestingarstefnu, setur útlánareglur o.fl. Stjórnarmenn Festu lífeyrissjóðs starfsárið 2012 – 2013 voru:

Nafn:	Starfssvið:
Ólafur S. Magnússon	Formaður
Guðm. Smári Guðmundsson	Varaformaður
Guðrún Hafsteinsdóttir	Meðstjórnandi
Kristján Jóhannsson	Meðstjórnandi
Garðar K. Vilhjálmsson	Meðstjórnandi
Lofur Guðmundsson	Meðstjórnandi


Sjóðurinn er með skrifstofur á þremur stöðum. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjanesbæ þar sem vinna sjö starfsmenn, en auk þess eru tveir starfandi á Akranesi og tveir á Selfossi. Hjá sjóðnum starfa því alls 11 starfsmenn í 10 stöðugildum. Starfsmenn Festu lífeyrissjóðs eru:

Nafn:	Starfssvið:
Gylfi Jónasson	Framkvæmdastj.
Fjóla Dögg Þorvaldsdóttir	Alm.afgreiðsla
Guðleif Bergsdóttir	Alm.afgreiðsla
Guðrún Aðalsteinsdóttir	Alm.afgreiðsla
Guðrún Lára Ottesen	Alm.afgreiðsla
Ingibjörg Björnsdóttir	Lífeyrismál o.fl.
Ingólfur Steingrímsson	Fjármálastj.
Sigfús Rúnar Eysteinnsson	Skrifstofustj.
Sígurlín Högnadóttir	Lífeyrismál o.fl.
Sígurlín Guðný Ingvarsdóttir	Lífeyrismál o.fl.
Þórarinn Gunnar Reynisson	Deildarstj. innh.

IÐGJÖLD

Launþegar á aldrinum 16 til 70 ára greiða 4% iðgjald af heildarlaunum sínum til lífeyrissjóðsins en launagreiðendur greiða 8% mótframlag, samtals 12% launa. Nokkur dæmi eru um að kjarasamningar þeirra stéttarfélag


sem aðild eiga að sjóðnum kveði á um herra framlag eða allt að 15,5%. Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hættir hann að greiða iðgjald, enda aftar hann sér ekki frekari lífeyrisréttinda eftir þann tíma. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun iðgjalda sl. 5 ár, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á verðlagi í árslok 2012.



Á árinu 2012 námu iðgjaldagreiðslur til sjóðsins um 4.076 milljónum króna samanborið við um 3.859 milljónir króna árið á undan. Um er að ræða 5,6% hækkun milli ára.

Aldursskipting sjóðfélaga


Á meðfylgjandi mynd má sjá aldursskiptingu sjóðfélaga með réttindi. Rúmlega 37% sjóðfélaga með réttindi eru yngri en 25 ára og tæplega 59% eru yngri en 34 ára.



Stærstu iðgjaldagreiðendur

Á árinu 2012 greiddu 1.880 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins. Fimmtán stærstu launagreiðendurnir stóðu fyrir 34,3% af iðgjöldum til sjóðsins. Norðurál er stærsti launagreiðandinn með 6,8% allra iðgjalda og Vinnumálastofnun kemur næst með 4,7%

allra iðgjalda til sjóðsins. Á meðfylgjandi mynd má sjá þá 10 launagreiðendur sem greiddu hæst iðgjöld vegna starfsmanna sinna á árinu 2012.



Á árinu 2012 greiddu alls 14.567 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins. Þar af voru 9.884 virkir sjóðfélagar en það eru þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Á meðfylgjandi töflu má sjá samanburð helstu stærða milli ára.

	2012	2011	Breyting
Iðgjöld í milljónum	4.076	3.859	5,6%
Virkir sjóðfélagar	9.884	9.894	0,1%
Heildarfjöldi sjóðfélaga	14.567	14.320	1,7%
Fjöldi launagreiðenda	1.880	1.832	2,6%

LÍFEYRIR

Meðalævi íslendinga hefur verið að lengjast umtalsvert á undanförunum áratugum og þ.a.l. greiða lífeyrissjóðir sjóðfélögum ellilífeyri í lengri tíma. Á meðfylgjandi töflu má sjá að á undanförunum fjórum áratugum hefur ólifud meðalævi (lífslíkur) karla við fæðingu lengst um tæp 8 ár eða úr 71,6 ári í 79,5 ár. Ólifud meðalævi (lífslíkur) kvenna við fæðingu hefur á sama tíma lengst um rúm 6 ár eða úr 77,5 árum í 83,6 ár. Á árunum 1971 til 1975 gat 65 ára kona vænst þess að lifa að meðaltali í 17,8 ár en árið 2012 í 20,8 ár eða 17% lengur. Karlar hafa verið að draga á konur og geta nú vænst þess að lifa í 18,4 ár eða 23% lengur en 65 ára karlar að meðaltali á árunum 1971 til 1975.

Ólifud meðalævi


Karlar	Við fæðingu	65 ára	80 ára
1971 - 1975	71,6	15,0	6,6
1991 - 1995	76,3	16,4	7,3
2009	79,7	18,3	8,1
2012	79,5	18,4	8,0

Konur	Við fæðingu	65 ára	80 ára
1971 - 1975	77,5	17,8	7,7
1991 - 1995	80,8	19,3	8,7
2009	83,3	20,6	9,3
2012	83,6	20,8	9,5

Heimild: Hagstofa Íslands

Lífeyrisgreiðslur Festu lífeyrissjóðs námu alls 2.252 millj. kr. og hækkuðu um 14,7% milli ára. Fjöldi lífeyrisþega í árslok var 5.849 samanborið við 5.573 árið á undan sem er 5% fjölgun milli ára. Ellilífeyrisþegum fjölgaði um 7,7%. Örorkulífeyrisþegum fækkaði milli ára. Fjöldi barnalífeyrisþega og makalífeyrisþega dróst einnig saman frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs.

Lífeyrisbyrði samtryggingardeildar



Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum nam 55,6% á árinu 2012 samanborið við 51,2% árið áður. Fyrir efnahagshrunið fór lífeyrisbyrði sjóðsins lækkandi sem var í takt við hagsveifluna, þar sem í fullu atvinnustigi fjölgar greiðandi sjóðfélögum ört meðan aukning lífeyrisþega vex hægar. Seinni hluta árs 2008 varð verulegur viðsnúningur í atvinnumálum þjóðarinnar til hins verra og allt til dagsins í dag hefur verið erfitt atvinnuástand. Atvinnuástandið á árinu 2012 var áfram erfitt en hefur þó heldur skánað ef litið er til iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóðsins. Hlutfall lífeyris af iðgjöldum

hækkar á milli árána 2011 og 2012 enda er aukning lífeyrisgreiðslna nokkuð umfram aukningu iðgjalda.

Af einstökum tegundum lífeyris vegur ellilífeyrir hvað þyngst eða 61,9% af heildar lífeyrisgreiðslum. Hlutfall örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum hækkar milli ára, var 31,5% á árinu 2012 samanborið við 31,0% árið á undan. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 6.318 á árinu 2012 og fjölgar þeim um 3,5% frá fyrra ári.


Fjöldi lífeyrisþega	2012	2011	Breyting
Barnalífeyrir	364	393	-7,4%
Ellilífeyrir	3.722	3.456	7,7%
Makalífeyrir	591	598	-1,2%
Örorkulífeyrir	1.641	1.658	-1,0%
Samtals:	6.318	6.105	3,5%

Þess ber að geta að einstaka lífeyrisþegar geta fengið fleiri en eina tegund lífeyris. Fækkun örorkulífeyrisþega gefur ekki rétta mynd af þróun. Á fyrri hluta ársins 2011 falla þó nokkrir út af örorkulífeyri vegna tekjuathugunar, en flestir þeirra koma aftur inn síðar á árinu. Bætt mynd af þróun fæst með því að skoða meðaltal þeirra sem fengu greitt í hverjum mánuði ársins, en þá kemur í ljós að nokkur aukning er að verða í fjölda örorkulífeyrisþega á milli ára.


Meðalfjöldi greiðsluþega hvern mánuð ársins	2012	2011	Breyting
Örorkulífeyrir	1.591	1.485	7,2%

Þessi þróun kemur enn betur í ljós þegar skoðuð er breyting í lífeyrisgreiðslum á milli ára, en þar sést að örorkulífeyrisgreiðslur hækka um 16,5%.

Lífeyrisgreiðslur (Upphæðir í millj. króna)	2012	2011	Breyting
Barnalífeyrir	31.945	30.648	4,2%
Ellilífeyrir	1.394.383	1.209.066	15,3%
Makalífeyrir	116.027	115.190	0,7%
Örorkulífeyrir	709.199	608.603	16,5%
Samtals:	2.251.554	1.963.508	14,7%



Meðalævi íslendinga mun aukast jafnt og þétt á komandi árum. Aukin lífaldur hefur bein áhrif á afkomu lífeyrissjóða og mun óhjákvæmilega hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra á komandi árum og áratugum.




Á árinu 2012 er 18,3% mannafla á vinnumarkaði eldri en 67 ára og því komnir á hinn hefðbundna lífeyristökualdur. Á árinu 2040 má hins vegar gera ráð fyrir því að 35,6% mannafla á vinnumarkaði verði á lífeyristökualdri.

Hlutfall 67 ára og eldri	2012	2040
Af heildarmannfjölda	10,9%	19,4%
Af mannafla á vinnumarkaði	18,3%	35,6%

Á meðfylgjandi grafi má sjá hlutfall örorkulífeyris af heildargreiðslum lífeyrissjóða á árunum 2010 og 2011. Sjá má að hlutfall örorkulífeyris hjá Festu lífeyrissjóði er með því hæsta sem gerist meðal lífeyrissjóða á Íslandi. Erfitt hefur


reynst að stemma stigum við nýgengi örorku hjá sjóðnum en með tilkomu VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs binda lífeyrissjóðir miklar vonir við að grípa megi inn í og stemma stigum við tíðni örorku.



REKSTUR SJÓÐSINS

Rekstrarkostnaður sjóðsins skiptist í fjárfestingargjöld sem er kostnaður við ávöxtun sjóðsins og rekstrarkostnaður sem er kostnaður við annan rekstur sjóðsins. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar sem hlutfall af eignum sjóðsins.

Þróun rekstrark. og fjárfest.gj. 2005-2012



Það er mikilvægt fyrir sjóðinn að sýna hagræði í rekstri, þar sem lægri rekstrarkostnaður hefur jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.


Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum sjóðsins stóð í stað á árinu 2012 samanborið við árið á undan. Kröfur sem gerðar eru til lífeyrissjóða varðandi aukið innra eftirlit og áhættustýringu hefur aukið kostnað sjóða verulega á undanförunum árum. Þrátt fyrir það hefur náðst, með mikilli hagræðingu, að halda rekstrarkostnaði Festu lífeyrissjóðs sem hlutfalli af iðgjöldum óbreyttum undanfarin ár. Fjárfestingargjöld sem hlutfall af eignum hækka lítillega milli árana 2011 og 2012.

Ár	Fjárfest.gj.	Rekstrark.
2010	0,12%	0,12%
2011	0,11%	0,12%
2012	0,12%	0,12%

Sjóðurinn sinnir einnig skráningu og innheimtu stéttarfélagsgjalda fyrir fimm af aðildarfélögum sjóðsins og greiða þau fyrir þá þjónustu skv. samningi þar um. Mikil hagræði hlýst af þessu samstarfi t.d. í formi bættrar innheimtu iðgjalda og stéttarfélagsgjalda.

LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA

Alls voru á árinu 2012 veitt 9 lán til sjóðfélaga m.v. 14 lán árið á undan. Heildarfjárhæð lána til sjóðfélaga á árinu 2012 var 28,9 millj. kr en var 47,3 millj. kr. árið 2011. Meðalfjárhæð lána var um 3,2 millj. kr. en var 3,4 millj. kr. árið á undan.



Algengast er að sjóðfélagar taki lán sem er um 2 millj. kr. Á meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu sjóðfélagalána eftir upphæðum og fjölda.


Á meðfylgjandi töflu má sjá þá skiptingu sem varð í afgreiddum sjóðfélagalánum á árinu 2012, annars vegar milli lána með jöfnum afborgunum og jöfnum greiðslum og hins vegar milli lána með föstum vöxtum og breytilegum vöxtum. Flestir lántakendur velja að hafa lán sín með breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum.

Sjóðfélagalán 2012

Tegund lána	Upphæðir	Fjöldi
Jafnar afborganir	7.300.000	4
Jafnar greiðslur	21.620.000	5
Samtals	28.920.000	9

Vextir	Upphæðir	Fjöldi
Fastir	18.400.000	3
Breytilegir	10.520.000	6
Samtals	28.920.000	9

Erfiðleikar í íslensku efnahagslífi hafa undanfarin 4 ár haft í för með sér að vanskil á lánamarkaði hafa aukist. Meðfylgjandi er mynd sem sýnir vanskil sjóðfélagalána Festu m.v. stöðu heildarútlána til sjóðfélaga. Skoðað er 10 ára tímabil þ.e. frá 2003-2012. Sjá má að hlutfall vanskila af heildarútlánum til sjóðfélaga er hærra en það var í upphafi síðasta áratugar. Þá má sjá að vanskil hafa aukist verulega undanfarin ár.



Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að leysa úr greiðsluvanda vegna sjóðfélagalána og eru úrræði sem sjóðfélögum standa til boða margvísleg.

Festa lífeyrissjóður er m.a. aðili að samkomulagi um nánari útfærslu aðgerða í þágu yfirveðsettra heimila sem undirritað var 15. janúar 2011 af Landssamtökum lífeyrissjóða f.h. aðildarsjóða.

ÁHÆTTUSTEFNA OG ÁHÆTTUSTÝRING

Á árinu 2012 setti stjórn sjóðnum áhættustefnu. Áhætta er skilgreind sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Markmið áhættustýringar er að mæla þessa áhættu, setja skorður og viðmið og stuðla að því að hún sé meðvitund á hverjum tíma.

Í stefnunni er leitast við að skilgreina þær áhættur sem geta hindrað sjóðinn í að ná markmiðum sínum. Tilgreindir eru þeir aðilar sem bera ábyrgð á einstökum þáttum við framkvæmd áhættustefnunnar. Þvínæst er fjallað um skipulag áhættustýringar, þar sem farið er ýtarlega yfir ferli hennar. Leitast er við að skipulag með framkvæmd áhættustefnu sé einfalt og mælikvarðar skýrir og vel skiljanlegir til að tryggja skilvirka áhættustýringu.

Áhættustefna greinir þannig frá umfangi og skipulagi heildar áhættustýringar hjá lífeyrissjóðnum. Hluti af áhættustefnu er lögbundin fjárfestingarstefna sjóðsins sem tilgreinir hvaða og hversu mikla áhættu lífeyrissjóðurinn er tilbúinn að taka.

Áhættu sjóðsins er skipt í fjóra megin flokka. Þeir eru eftirfarandi:

Lífeyristryggingaráhætta

- Skerðingaráhætta
- Iðgjalda- og útstreymisáhætta
- Umhverfisáhætta
- Lýðfræðileg áhætta
- Réttindaflutningsáhætta

- Pólítísk áhætta, lög og reglur
- Seljanleikaáhætta

Mótaðilaáhætta

- Útlánaáhætta
- Samþjöppunaráhætta
- Landsáhætta
- Afhendingar- og uppgjörsáhætta

Fjárhagsleg áhætta

- Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta
- Uppgreiðsluáhætta
- Markaðsáhætta
- Gjaldmiðlaáhætta
- Ósamræmisáhætta
- Verðbólguáhætta
- Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings

Rekstraráhætta á m.a. rætur að rekja til áhættu tengda upplýsingakerfum sjóðsins, framkvæmd viðskipta, ófullnægjandi verkferlum eða starfsmönnum.

Rekstraráhættu er skipt í eftirfarandi flokka:


Rekstraráhætta

- Starfsmannaáhætta
- Áhætta vegna svika
- Áhætta vegna upplýsingatækni
- Orðsporsáhætta
- Skjala- og lagaáhætta
- Úrskurðaráhætta lífeyris
- Áhætta vegna útvistunar
- Upplýsingaáhætta

Ofangreinda áhættuþætti er misauðvelt að mæla. Þannig er erfitt að mæla rekstraráhættu. Með auknu innra eftirliti í starfseminni er þó hægt að draga verulega úr þessum áhættuþætti.

Aðra þætti er auðveldara að mæla. Þannig má sjá á mynd hversu næmt eignasafn sjóðsins er fyrir breytingum á löngum verðtryggðum vöxtum. Myndin sýnir hlutfallslega breytingu á markaðsvirði


eignasafnsins ef vextir breytast um 1% (100bp) á tilteknum tíma.




Í þessari greiningu er gert ráð fyrir að skuldabréf sjóðsins séu gerð upp á markaðskröfu.

Við mat á væntri nafnávöxtun eigna er byggt á sögulegum gögnum um flökt og ávöxtun eignaflokka. Einnig er gert ráð fyrir 5% verðbólgu og 5% veikingu á gengi krónu.

VaR (fjárhæð í húfi) sýnir hámarkstap sem getur orðið vegna breytinga á markaðsvirði eigna m.v. 99% líkur. Þannig eru 1% líkur á því að tap vegna breytinga á virði eigna verði meira en sýnt er á mynd. Þar sem skuldabréf sjóðsins eru gerð upp á kaupkröfu miðast greiningin við þá uppgjörsaðferð.




Miðað við uppgjör á kaupkröfu, er ólíklegt að nafnávöxtun sjóðsins á ársgrunni verði verri en 3,5% m.v. núverandi eignasafn og gefnar forsendur. Mestar líkur eru að nafnávöxtun verði rúmlega 11%.




Miðað við uppgjör á markaðskröfu, er ólíklegt að nafnvöxtun sjóðsins verði verri en -3,8%.

Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn sjaldnast verðtryggt að fullu. Sumar tegundir eigna hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar s.s. erlend verðbréf




Álagspróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem sameiginlegir eru eignum og skuldbindingum.



ÞRÓUN FJÁRMÁLAMARKAÐA

Aukið líf færðist í innlendan hlutabréfamarkað en þrjú félög bættust í hóp skráðra félaga í Kauphöll Íslands. Um var að ræða Fasteignafélagið Reginn hf., Eimskip hf. og Fjarskipti hf. (Vodafone). Öll útboðin heppnuðust vel og var áhugi fjárfesta mikill. Mjög góð ávöxtun var almennt á innlendum hlutabréfum á árinu en bæði Úrvalsvísitala hlutabréfa og Vísitala Aðallista hækkuðu um rúm 16%. Hlutabréf í Icelandair hækkuðu mjög mikið, eða um rúm 60%, en félaginu gengur margt í haginn í rekstrinum þessi misserin. Hlutabréf í Högum hækkuðu sömuleiðis mikið.



Von er á fleiri skráningum á árinu 2013. Má því binda vonir við að fleiri stöðum verði smátt og smátt skotið undir innlendan hlutabréfamarkað og að fjárfestingarkostum fjölgi.

Gjaldeyrismarkaður

Þau lögmál sem giltu um krónuna árin áður en gjaldeyrishöftum var komið á eru gjörbreytt og áhrifavaldar gengisins aðrir. Fyrir gjaldeyrishöft var langstærsti hluti veltu með krónuna vegna vaxtamunaviðskipta og annarrar spákaupmennsku. Í dag stjórnast gengi krónunnar að mestu leyti af afgangi af vöruskiptum og þjónustu, nettó vaxtagreiðslum úr landinu og aðgerðum Seðlabankans. Það er því líklegt að árstíðabundnar sveiflur verði á gengi krónunnar.

Gengisvísitala krónunnar hækkaði nokkuð ört á fyrri hluta þessa árs en hún var búin að vera í veikingarham frá því í nóvember 2011. Helsta ástæðan fyrir veikingunni var söfnun fyrirtækja og sveitarfélaga á gjaldeyri til að greiða af erlendum lánum. Einnig voru gjaldeyrishöftin hert í mars þegar erlendum aðilum var meinað að millifæra úr landi afborganir af verðtryggðum ríkisskuldabréfum

Seðlabanki Íslands var með óvænt inngrip á gjaldeyrismarkaði þann 6. mars 2012 þar sem hann seldi €12 m. á millibankamarkaði. Gengi krónunnar styrktist um 1,1%. Sí var aftur með inngrip á síðasta degi ársins þar sem hann seldi €6 m. á millibankamarkaði þar sem krónan hafði lækkað nokkuð skarpt á skömmum tíma fyrir áramót.


Gengisvísitalan hækkaði um 7,1% á árinu og endaði í 232,7 stigum í lok árs. Miklar sveiflur voru í gengi krónunnar á árinu eins og sjá má á mynd.




Innlendur skuldabréfamarkaður

Seðlabanki Íslands hélt áfram að hækka stýrivexti sína á árinu 2012. Alls hækkuðu vextir bankans um 1,25% og voru stýrivextir 6% í lok árs. Þegar vaxtahækkunarferli bankans hófst um mitt ár 2011 voru vextir 4,25%. Aðgerðir bankans á næstunni munu ráðast af framvindu verðbólgunnar og verðbólguhorfum. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,52% frá upphafi til loka árs og

var því töluvert yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans sem er 2,5%. Verðbólgan var öllu meiri á fyrri hluta ársins en þeim síðari. Gengi krónunnar lækkaði á árinu sem ýtti að sínu leyti undir verðbólgu vegna hærri verðs á innfluttum vörum.



Litlar breytingar voru á ávöxtunarkröfu langtímaskuldabréfa, hvort sem um var að ræða óverðtryggð eða verðtryggð skuldabréf, þegar árið í heild er skoðað. Það er að segja, þegar ávöxtunarkrafa í upphafi árs 2012 er borin saman við ávöxtunarkröfu í lok árs 2012 eru nánast engar breytingar á kröfu. Þetta þýðir að yfir tímabilið á lítul hluti ávöxtunar rætur að rekja til breytinga á ávöxtunarkröfu (með meðfylgjandi gengishagnaði/-tapi). Innan ársins voru aftur á móti nokkrar sveiflur í gengi einstakra flokka. Útgáfa verðtryggðra bréfa hélt áfram að dragast saman og var t.d. lítul útgáfa af hálfu Íbúðalánasjóðs sem er langstærsti útgefandi verðtryggðra bréfa. Bankar og sveitafélög gáfu út verðtryggð skuldabréf en ekki var um háar fjárhæðir að ræða, og einnig gáfu fasteignafélög út verðtryggð bréf. Ríkissjóður mætir lánsfjárförf sinni nánast eingöngu með útgáfu óverðtryggðra skuldabréfa og hefur eftirspurn verið næg.




Ávöxtun verðtryggðrar skuldabréfavísitölu var 6,7% á árinu 2012. Óverðtryggða skuldabréfavísitalan sýndi örlítið minni ávöxtun, eða um 6,5% á árinu.

Eins og nefnt var hér að ofan, hefur ávöxtunarkrafa áhrif á markaðsverð skuldabréfa. Í þessu sambandi er þó vert að geta þess að sjóðurinn gerir skuldabréfasafn sitt upp á ávöxtunarkröfu á kaupdegi skuldabréfa, sem algengast er meðal innlendra lífeyrissjóða.

Erlendir hlutabréfamarkaðir


Alþjóðlegur hagvöxtur var lægri árið 2012 samanborið við árið á undan. Efnahagslífið í Evrópu var í miklum hægagangi og þó að hagvöxtur í Bandaríkjunum hafi aukist frá fyrra ári, var ekki um kröftuga uppsveiflu að ræða. Hagvöxtur í sumum af hinum svokölluðu nýmarkaðshagkerfum, t.d. Kína, Indlandi og Brasilíu, minnkaði einnig á milli ára. Vextir víða um lönd voru áfram lágir og mikil lækkun varð á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa Ítalíu, Portúgal og ekki síst Grikklands. Ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum var almennt góð en Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 15%. Mikill hagnaður og lágir vextir sköpuðu bandaríska hlutabréfamarkaðinum ágæt skilyrði en S&P 500 hlutabréfavísitalan, sem samanstendur af 500 bandarískum stórfyrirtækjum, hækkaði um rúm 13,5%. Árið var yfirleitt gott á evrópskum hlutabréfamörkuðum en þeir hækkuðu margir hverjir um 15-20%. Árið var ágætt á hlutabréfamörkuðum í Asíu. Undantekningin var Kína en þar var hlutabréfaverð nánast

óbreytt og er enn um helmingi lægra en haustið 2007. Stærsti hlutabréfamarkaðurinn í S-Ameríku, þ.e. sá brasilíska, hækkaði ekki mikið en verulega hægði á í efnahagslífinu.



Íslenska krónan veiktist um 7,1% gagnvart helstu myntum árið 2012. Veiking gagnvart Bandaríkjadal var þó heldur minni eða 4,9%, sem gerir nafnávöxtun heimsvísitölu í krónum talið um 21,5%.

Alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir þokast hægt og rólega að fyrri hæðum. Í árslok 2012 er heimsvísitalan rúmum 7% lægri en hún var um mitt ár 2007.




Sökum lækkunar krónunnar í kjölfar bankahrunsins árið 2008, er heimsvísitala hlutabréfa mæld í krónum þó vel upp á við. Frá miðju ári 2007 hefur hún hækkað um tæp 95% í ISK.



Vegna gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki aukið fjárfestingar sínar í erlendum eignum. Honum er þó leyfilegt að standa við skuldbindingar sínar gagnvart erlendum framtaksfjárfestingum, en ógreiddar skuldbindingar í árslok vegna þeirra nema rúmum 1.000 millj. kr., sem greiðast á næstu 3 árum.

VERÐBRÉFAEIGN

Af verðbréfaeign sjóðsins í lok ársins veга ríkistryggð skuldabréf hvað þyngst í eignasafninu. Í neðangreindri skiptingu hefur verið horft til skiptingar undirliggjandi eigna verðbréfasjóða.



ÁVÖXTUN

Nafnávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2012 var 11,0% sem samsvarar 6,2% raunávöxtunar. Hrein raunávöxtun a.t.t. til rekstrarkostnaðar var 6,0%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er neikvætt um 3,2% en jákvætt um 2,2% síðustu 10 ár.

Ár	Nafn-ávöxtun	Hrein raun-ávöxtun	5 ára meðal-ávöxtun	10 ára meðal-ávöxtun
2007	8,8%	2,8%	7,9%	4,8%
2008	-5,6%	-18,8%	1,4%	1,8%
2009	3,0%	-5,1%	-1,1%	0,1%
2010	4,8%	2,1%	-2,1%	0,7%
2011	7,3%	1,8%	-3,8%	1,2%
2012	11,0%	6,0%	-3,2%	2,2%

Ávöxtun sjóðsins hefur verið sveiflukennð á undanförunum árum. Áhrifa efnahagshruns gætir verulega í afkomu sjóðsins á árunum 2008 og 2009 en afkoma næstu ára þar á eftir hefur verið viðunandi, sérstaklega ef lítið er til þess að efnahags- og atvinnuástand hér á landi hefur verið í mikilli lægð þau ár.

Af einstökum flokkum verðbréfa, skiluðu hlutabréf bestri ávöxtun á árinu.

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Innlán	4,5%	0,0%
Ríkisskuldabréf	9,2%	4,4%
Skuldabréf sveitarfélaga	10,5%	5,4%
Skuldabréf lánastofnanna	11,2%	6,3%
Veðskuldabréf	6,1%	1,5%
Hlutdeildarsjóðir	11,6%	6,8%
Framtakssfjárfestingasjóðir	11,0%	6,2%
Hlutabréf	23,9%	18,8%
Önnur verðbréf	7,6%	3,0%

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2012 var unnin af Tálnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annarsvegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin rétt sjóðfélaga og hinsvegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 11.024 millj. króna, eða -7,0%. Áfallin staða er neikvæð um 7.178 millj. króna eða -8,1% af áfallinni skuldbindingu þegar miðað er við höfuðstól með endurmati.

Áfallin staða

	2012	2011
Höfuðstóll	79.342	69.654
Endurmat	3.635	4.468
Fjárfestingakostnaður	-1.789	-1.594
Eign	81.188	72.528
Lífeyrisskuldbinding	87.527	77.878
Kostnaður	840	771
Áfallin skuldbinding	88.367	78.649
Staða	-7.178	-6.120

Heildarstaða

	2012	2011
Iðgjöld	64.963	59.803
Eign + Iðgjöld	146.152	132.332
Lífeyrisskuldbinding	155.065	139.658
Kostnaður	2.111	1.975
Heildarskuldbinding	157.176	141.633
Staða	-11.024	-9.302

Skv. 39. gr. laga nr. 129/1997, má ekki vera meira en 10% munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga og er þá miðað við mismun í hlutfalli af heildarskuldbindingu. Í sömu grein er einnig kveðið á um að hafi slíkur mismunur haldist meira en 5% samfellt í fimm ár, beri stjórn sjóðsins að gera viðeigandi breytingar á samþykktum hans. Skv. ákvæði til bráðabirgða VI í ofangreindum lögum má þessi mismunur

vera allt að 13% og hafa haldist meiri en 10% samfellt í fimm ár, vegna tryggingafræðilegrar athugunar ársins 2012.

FJÁRFESTINGARSTEFNA

Markmið um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Sjóðstjórar sjóðsins skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeignar Festu í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu hér að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.


	Stefna	Vikmörk
Innlán	0%	0%-30%
Ríkisskuldabréf	40%	20%-70%
Sveitarfélög	13%	0%-20%
Bankar	1%	0%-15%
Veðlán	8%	0%-15%
Hlutabréf	22%	10%-50%
Framtakssjóðir	8%	5%-15%
Önnur verðbréf	8%	0%-20%
Íbúðarhúsnaði	0%	0%-10%
Samtals:	100%	

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett fram til lengri tíma lítið. Það getur því tekið nokkur ár að ná markmiðum um fjárfestingarstefnu í einstökum flokkum verðbréfa. Takmarkandi þættir, s.s. gjaldeyrishöft og skortur á framboði ákveðinna verðbréfa, geta tafið slíkt ferli.

SÉREIGNARDEILD

Iðgjöld til séreignardeildar námu alls 27,9 millj. kr. á árinu 2012 samanborið við 20,9 millj. kr. árið á undan.

Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar samkvæmt reglugerð sjóðsins voru 21,7 millj. kr. Lífeyrisþegar voru alls 86. Greiðslur skv. ákv. til bráðabirgða fengu 62 og ellilífeyri fengu 24.



Á meðfylgjandi grafi má sjá þróun í lífeyrisbyrði séreignardeildar Festu frá 2007 - 2012. Á undanförunum árum hafa greiðslur úr séreignarsjóði aukist verulega eins og sjá má. Stafar það aðallega vegna sérlega sem sett voru um heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar á árinu 2009.

Á árinu 2012 greiddu alls 399 sjóðfélagar til séreignardeildar. Í árslok eiga 4.420 sjóðfélagar réttindi í séreignardeild.

Nafnávöxtun séreignardeildar var 9,6% á árinu 2012 samanborið við 7,2% árið á undan. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára var jákvætt um 0,6% en um 3,1% síðustu 10 ár.

Ár	Nafn-ávöxtun	Hrein raun-ávöxtun	5 ára meðal-ávöxtun	10 ára meðal-ávöxtun
2007	5,6%	-0,3%	5,7%	4,1%
2008	0,0%	-14,1%	0,8%	1,9%
2009	13,0%	3,9%	0,5%	0,8%
2010	11,4%	8,5%	0,9%	1,9%
2011	7,2%	1,8%	-0,3%	2,2%
2012	9,6%	4,7%	0,6%	3,1%

Ávöxtun sjóðsins yfir 10 ára tímabil er vel viðunandi í ljósi bankahrunsins. Eignir deildarinnar eru aðallega í innlendum ríkisskuldabréfum og erlendum hlutabréfum. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris í árslok 2012 er 255,3 millj. kr.

Markmið um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna séreignardeildar er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Sjóðstjórar sjóðsins skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Skipting verðbréfaeignar skal miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu hér að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Fjárfestingarstefna séreignardeildar

	Stefna	Vikmörk
Innlán	3%	0%-30%
Ríkisskuldabréf	45%	20%-80%
Sveitarfélög	7%	0%-20%
Bankar	8%	0%-20%
Erlend skuldabréf	0%	0%-10%
Hlutabréf	30%	0%-50%
Önnur verðbréf	7%	0%-20%
Samtals:	100%	

Samkvæmt eðli máls, geta réttshafar óskað eftir flutningi innistæðna sinna til annarra vörsluaðila. Því er brýnt að velja auðseljanlegar fjárfestingar til að mæta slíkum óskum. Fjárfestingarheimildir séreignardeildar eru því þrengri en samtryggingardeildar. Stefnt skal að fjárfestingum í skráðum auðseljanlegum eignum. Þó er heimilt að eiga óskráðar eignir ef þær eru inni í sjóðum sem eru sem slíkir auðseljanlegir.

ÁRSREIKNINGUR



2012

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Festu lífeyrissjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Festu lífeyrissjóðs fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 22. mars 2013



Árni Snæbjörnsson

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Festa lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn rekur skrifstofur á þremur stöðum. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjanesbæ en auk þess eru skrifstofur á Akranesi og á Selfossi. Hjá sjóðnum starfa 11 starfsmenn í 10 stöðugildum.

Við gerð þessa ársreiknings var í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarin ár.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, samtryggingardeild og séreignardeild. Ávöxtun eigna þeirra er að fullu aðskilin.

Á árinu greiddu til samtryggingardeildar sjóðsins samtals 14.567 sjóðfélagar hjá 1.880 atvinnurekendum. Virkir sjóðfélagar, þ.e. þeir sem greiddu í hverjum mánuði, voru 9.884. Iðgjöld námu 4.048 millj. kr. sem er 5,5% hækkun frá fyrra ári. Í árslok eiga 79.274 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar samkvæmt reglugerð sjóðsins voru 2.252 millj. kr., en það er 14,7% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 6.318, en þeim fjölgaði um 213 frá fyrra ári. Ellilífeyri fengu 3.722, örorkulífeyri 1.641, makalífeyri 591 og barnalífeyri 364.

Til séreignardeildar greiddu á árinu 399 réttihafar hjá 42 launagreiðanda. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 161. Iðgjöld séreignardeildar námu 27,9 millj. kr., sem er um 35,2% hækkun frá fyrra ári, en þá voru iðgjöldin 20,6 millj. kr. Í árslok eiga 4.420 sjóðfélagar réttindi í séreignardeild.

Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar samkvæmt reglugerð sjóðsins voru 21,7 millj., en það nemur 0,4% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru alls 86. Greiðslur samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða fengu 62 og ellilífeyri fengu 24.

Seðlabanki Íslands hélt áfram að hækka stýrivexti sína á árinu 2012. Alls hækkuðu vextir bankans um 1,25% og voru stýrivextir 6,0% í lok árs. Nafnávöxtun verðtryggðrar skuldabréfavisitölu var 6,7% á árinu 2012, en það jafngildir 2,1% raunávöxtun. Óverðtryggða skuldabréfavisitalan sýndi örlítið minni nafnávöxtun, eða um 6,5%. Mjög góð ávöxtun var almennt á innlendum hlutabréfum á árinu en bæði Úrvalsvisitala hlutabréfa og Vísitala Aðallista hækkuðu um rúm 16%. Á árinu voru þrjú ný félög skráð í Kauphöllina. Von er á fleiri skráningum á árinu 2013. Má því binda vonir við að fleiri stöðum verði smátt og smátt skotið undir innlendan hlutabréfamarkað.

Ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum var almennt góð en Heimsvisitala hlutabréfa hækkaði um 15% mælt í USD. Íslenska krónan veiktist um 7,1% gagnvart helstu myntum árið 2012. Veiking gagnvart Bandaríkjadal var þó heldur minni eða 4,9%, sem gerir nafnávöxtun heimsvisitölu í krónum talið um 21,5%.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar var jákvæð um 11% á árinu 2012. Verðbólga mældist 4,5% yfir árið og því var raunávöxtun 6,2% og hrein raunávöxtun að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar 6,0%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er -3,2%. Ef lítið er til 10 ára er meðaltalið jákvætt um 2,2%. Nafnávöxtun séreignardeildar var 9,6% og hrein raunávöxtun hennar jákvæð um 4,7%. Eignir séreignardeildar liggja aðallega í rikisskuldabréfum og erlendum hlutabréfum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar séreignardeildar síðustu 5 ár er jákvætt um 0,6%. Ef lítið er til 10 ára er meðaltalið jákvætt um 3,1%.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 79.598 millj. kr. í árslok. Á árinu hækkaði hún um kr. 9.717 millj. kr. eða um 13,9%. Af fjárfestingum sjóðsins voru 15,4% í erlendum gjaldmiðlum og 84,6% í íslenskum krónum. Verðbréf með breytilegum tekjum voru 36,3% fjárfestinga, en verðbréf með föstum tekjum voru 63,7%.


Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs


Vígfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur hefur gert tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2012. Samkvæmt henni eru áunnin réttindi sjóðfélaga 7.178 millj. kr. hærrí en eignir og heildarskuldbindingar, miðað við 3,5% vexti, 11.024 millj. kr. hærrí en eignir. Skuldbindingar umfram eignir í árslok 2012 nema því 7,0%.


Stjórn Festu lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 með undirskrift sinni.

Reykjanesbær, 22. mars 2013

Stjórn



Olafur S. Magnússon
formaður


Guðmundur Smári Guðmundsson
varaformaður



Guðrún Hafsteinsdóttir
meðstjórnandi


Kristján Jóhannsson
meðstjórnandi


Garðar K. Vilhjálmsson
meðstjórnandi


Loftur Guðmundsson
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri


Gylfi Jónasson

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2012

	Skýr.	2012	2011
Iðgjöld	3		
Iðgjöld sjóðfélaga		1.331.681.019	1.270.778.749
Iðgjöld launagreiðenda		2.774.018.052	2.644.475.996
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(29.918.395)	(56.523.937)
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði		258.123.201	236.000.039
		<u>4.333.903.877</u>	<u>4.094.730.847</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	4	2.273.285.137	1.985.163.020
Umsjónarnefnd eftirlauna		(4.539.052)	(5.783.456)
Annar beinn kostnaður vegna örorku		9.309.080	6.518.813
Framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð		5.303.601	0
		<u>2.283.358.766</u>	<u>1.985.898.377</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		1.755.077.683	116.446.507
Tekjur af fasteign		252.000	231.000
Vaxtatekjur og gengismunur	5	6.485.123.250	5.381.024.522
Breytingar á niðurfærslu eigna	14	(373.372.961)	(737.554.326)
		<u>7.867.079.972</u>	<u>4.760.147.703</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		86.048.143	67.939.390
Önnur fjárfestingargjöld		13.389.557	10.636.767
		<u>99.437.700</u>	<u>78.576.157</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		111.786.466	97.387.594
		<u>111.786.466</u>	<u>97.387.594</u>
Aðrar tekjur	25	<u>15.640.430</u>	<u>13.082.266</u>
Óregluleg gjöld			
Skattlagning hins opinbera	26	5.404.237	51.294.154
		<u>5.404.237</u>	<u>51.294.154</u>
Hækkun/(lækkun) á hreinni eign á árinu		9.716.637.110	6.654.804.534
Hrein eign frá fyrra ári		<u>69.880.873.493</u>	<u>63.226.068.959</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>79.597.510.603</u>	<u>69.880.873.493</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Eignir			
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir	2,6,7	15.103.183	15.442.439
Hlutdeildarfélög	8	12.374.520	11.120.036
		<u>27.477.703</u>	<u>26.562.475</u>
Aðrar fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2, 9-11	28.912.044.834	24.760.128.496
Verðbréf með föstum tekjum	2,12	47.513.761.349	41.725.433.372
Veðlán	2,13	3.162.914.936	3.213.172.801
Bundin innlán hjá lánastofnunum	2	0	847.787.201
Aðrar fjárfestingar	2	40.138.199	32.312.488
		<u>79.628.859.317</u>	<u>70.578.834.358</u>
Fjárfestingar		<u>79.656.337.020</u>	<u>70.605.396.833</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	17	846.456.267	885.609.197
Aðrar kröfur		56.356.687	27.608.542
Kröfur		<u>902.812.954</u>	<u>913.217.739</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	2,6,7	23.236.036	3.312.486
Sjóður og veltuinnlán		848.384.561	147.470.169
Aðrar eignir		<u>871.620.597</u>	<u>150.782.655</u>
Eignir		<u>81.430.770.571</u>	<u>71.669.397.227</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	19	1.833.259.968	1.788.523.734
		<u>1.833.259.968</u>	<u>1.788.523.734</u>
Skuldir		<u>1.833.259.968</u>	<u>1.788.523.734</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>79.597.510.603</u>	<u>69.880.873.493</u>
Ábyrgðir			
Afleiðusamningar	20		
Framtaksfjárfestingar	21		

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

	2012	2011
Inngreiðslur		
Iðgjöld	4.100.073.308	3.740.642.576
Fjárfestingartekjur	2.488.609.036	2.137.109.346
Aðrar tekjur	276.614.765	510.013.121
Afborganir verðbréfa	2.400.628.228	1.661.523.394
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	4.025.820.457	2.788.169.903
Seld verðbréf með föstum tekjum	2.487.013.883	2.745.867.804
Lækkun á bundnum innistæðum	847.787.214	19.288.254
Inngreiðslur	<u>16.626.546.891</u>	<u>13.602.614.398</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	2.283.687.260	2.137.699.363
Fjárfestingargjöld	99.437.700	78.576.157
Rekstrarkostnaður án afskrifta	97.777.371	99.080.007
Útgreiðslur vegna gjaldmiðlasamninga	0	1.562.107.721
Aðrar útgreiðslur	56.883.031	0
Útgreiðslur	<u>2.537.785.362</u>	<u>3.877.463.248</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>14.088.761.529</u>	<u>9.725.151.150</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	4.734.393.781	5.553.277.058
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	8.594.762.586	5.024.353.643
Ný veðlán og útlán	28.920.000	47.330.000
Aðrar fjárfestingar	29.770.770	17.427.220
Ráðstöfun alls	<u>13.387.847.137</u>	<u>10.642.387.921</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum	700.914.392	(917.236.771)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>147.470.169</u>	<u>1.064.706.940</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>848.384.561</u>	<u>147.470.169</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs, en að auki rekur hann séreignardeild.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts skv. nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Stéttarfélagin sem aðild eiga að þessum sjóði eru Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágr., Félag iðn- og tæknigreina, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verslunarmannafélag Suðurnesja, Bárán stéttarfélag, Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Snæfellinga og Stéttarfélag Vesturlands. Launþegum þessara félaga ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum til þessa sjóðs á móti 8% framlagi atvinnurekenda eða samtals 12% sem kallast lágmarksiðgjöld og skulu þau renna til sjóðsins. Öðrum launamönnum sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjöld til annars lífeyrissjóðs er einnig heimilt að greiða iðgjöld til Festu lífeyrissjóðs.

Séreignardeild Festu lífeyrissjóðs tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í samtryggingardeild lífeyrissjóðsins, ásamt öðrum sem þess óska, er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignardeild. Séreignardeildin býður upp á eina ávöxtunarleidd með vel dreifðu eignasafni.

Með iðgjaldgreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 60-70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi makí og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er að hluta til háð aldri. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignardeild miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að leyfa töku séreignarspamaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára.

2. Reikningsskilaaðferðir

